

12. FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN 2023-2024

04. DESEMBER 2023, KL. 11:15-13:30 – STAÐFUNDUR

MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir, Benóný Jónsson, Björg Helgadóttir, Bragi Bergsson, Guðrún Nína Petersen, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermannsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Marianna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Torfi Geir Hilmarsson, Una Bjarnadóttir og Unnur Magnúsdóttir.

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:16.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Nýir félagsmenn

Sjö einstaklingar sóttu um fulla aðild að félaginu. Allir uppfylla skilyrði um aðild. Enginn sótti um nemeaaðild og enginn sagði sig úr félaginu.

Afgreiðsla: Samþykkt.

3. Jöfnun launa milli markaða – Áfangasamkomulag

MHH fór yfir stöðu áfangasamkomulags sem gert hefur verið vegna jöfnunar launa á milli markaða. MHH leggur áherslu á að þetta sé áfangasamkomulag en ekki endanleg niðurstaða. Ekki sé ásættanlegt að niðurstaðan verði eingreiðsla.

4. Húsnæðismál

MHH fór yfir stöðu húsnæðismála vegna Borgartúns 6. Ákveðnir aðilar hafa sýnt áhuga á að kaupa eignina. Boðaður hefur verið fundur hjá húsfélaginu föstudaginn 8. desember nk. MHH mun greiða atkvæði með að selja húseignina, sbr. ákvörðun stjórnar FÍN.

Umræður.

Guðrún Nína vék af fundi.

5. Undirbúningur fyrir aðalfund FÍN

Vinnudagsetning aðalfundar er 21. mars 2024. Búið er að senda út fréttabréf FÍN þar sem ítrekað er að framboð til stjórnar og tillögur að lagabreytingum þurfa að berast fyrir 1. febrúar 2024. Gert er ráð fyrir að fundurinn verði frá 17:00 -19:00 að Borgartúni 27, 2. hæð.

Stjórnarfundur sem áætlaður var 4. mars 2024 færist til 11. mars. Sá fundur verður staðfundur þar sem farið verður yfir ársreikninga og þeir undirritaðir. MHH sendir uppfært fundarboð.

6. Önnur mál

i. Erindi frá ÞN

MHH kynnti erindi ÞN um skipulagsbreytingar hjá opinberum aðilum.

Umræður.

Afgreiðsla: Málið er ekki komið það langt að FÍN geti tekið málefnalega umræðu um það. MHH sendir svarbréf til ÞN.

ii. Starfsdagur stjórnar - 8 janúar 2023 kl. 11:15-17:00 - Aðeins staðfundur

Fundurinn verður í Borgartúni 27, 2. hæð.

iii. Orlofsíbúðir BHM – afturköllun leigu félagsmanns

Það félagsfólk BHM sem kemur utan af landi þarf á orlofsíbúðum BHM í Reykjavík að halda, en þær hafa nú verið leigðar til Grindvíkinga. Félagsmaður FÍN hafði leigt íbúð yfir helgi og vildi ekki gefa upp íbúðina þrátt fyrir áskorun. Var leigunni sagt upp einhliða frá BHM daginn eftir án samráðs við viðkomandi og er viðkomandi ósáttur við afgreiðslu BHM.

Umræður.

7. Fókusvinna

MHH fór yfir minnisatriði fyrir fyrirhugaðan starfsdag stjórnar 8. janúar nk.

Umræður.

MHH falið að fá tilboð frá nokkrum auglýsingastofum um hönnun nýs merkis FÍN.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 13:00.